

## **Tillaga að nýrri gjaldskrá velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks**

### **1. gr.**

#### **Upphæð gjalds**

Stakt fargjald fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks (16 ára og eldri), þ.e. fyrir fasta ferð eða tilfallandi ferð, skal miðast við stakt gjald fyrir öryrkja hjá Strætó bs. samkvæmt gjaldskrá Strætó bs. hverju sinni.

Gjald vegna tímabils korta (30 daga kort eða árs kort) fyrir notendur akstursþjónustu fatlaðs fólks (16 ára og eldri) miðast við tímabils kort fyrir öryrkja samkvæmt gjaldskrá Strætó bs. hverju sinni.

Nemakort fyrir 16 ára og eldri, sem stunda viðurkennt framhalds- eða háskólanám, skal miðast við tímabils kort fyrir öryrkja samkvæmt gjaldskrá Strætó bs. hverju sinni.

Fargjald fyrir aðra farþega sem ferðast með notendum akstursþjónustunnar er í samræmi við gjaldskrá Strætó bs. hverju sinni.

### **2. gr.**

#### **Gildistaka**

Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli 3. mgr. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi þann 1. janúar 2025 og fellur þá jafnframt úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis.